

1412022 Tjarnavellir 5 og 7 umsókn um lóð – Fannborg fasteignafélag ehf.

Á fundi bæjarráðs þann 27. ágúst 2015 var eftirfarandi mál til umfjöllunar:

1412022 – Tjarnavellir 5 og 7, umsókn um lóð.

Tekin fyrir að nýju eftirfarandi tillaga sem frestað var á fundi bæjarstjórnar 27.5. s.l.:

Bæjarráð vísar eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að úthluta Fannborg fasteignafélagi ofangreindum lóðum í samræmi við fyrirliggjandi gögn og nánari skilmála skipulags- og byggingarfulltrúa“

Afgreiðsla bæjarráðs var eftirfarandi:

„Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum.“

Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hefur umsækjandi ekki skilað þeim gögnum sem nauðsynleg eru til þess að fá lóðunum úthlutað, sbr. skilyrði almennra reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar.

Lagt er til að bæjarráð afturkalli tillögu sína til bæjarstjórnar um úthlutun á lóðunum nr. 5 og 7 við Tjarnavelli til Fannborgar fasteignafélags ehf.

Drög að bókun bæjarráðs:

Bæjarráð afturkallar tillögu sína frá 27. ágúst 2015 um að lóðunum nr. 5 og 7 við Tjarnavelli verði úthlutað til Fannborgar fasteignafélags ehf þar sem Fannborg fasteignafélag ehf hefur ekki uppfyllt skilyrði almennra reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 4. september 2013, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um.

Sigríður Kristinsdóttir hrl

bæjarlögmaður